

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Samband íslenskra kristniboðsfélaga

1929-2019

Kærleikspjónusta og boðun í 90 ár

Meðal efnis:

Ævintýrið í Pókot

Kristniboð um víða veröld

Viðtal við Björn Inge Furnes

Dagskrá Kristniboðsviku 2019

Síðasti þjóðflokkurinn?


sik.is

Nýjar bækur

Litla hugvekjubókin **Orðið** kom fyrst út á íslensku fyrir 70 árum í þýðingu Gunnars Sigurjónssonar. Hún er nú endurútgefin, enda verið uppseld í hálfra öld. Bókin hefur orðið mörgum til blessunar og uppörvunar. Bókin er nú gefin út í stærra broti en að öðru leyti óbreytt.

Föndurbiblía barnanna er væntanleg úr prentun fyrir páska. Í henni eru helstu sögur Biblíunnar í bland við þrautir og allskonar föndur sem hentar vel börnum á aldrinum 3-10 ára.

Allar bækur Salts eru fánlegar á Basarnum í Austurveri. Það er líka hægt að panta þær frá skrifstofu SÍK í síma 5334900 og greiða með korti eða millifærslu.



Hvalur hf.



Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Í blaðinu er greint frá starfi kristniboðsins í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Lesa má um útvarps- og sjónvarpskristniboð í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári.

Áskrift er ókeypis.

Ritstjóri: Kristján Þór Sverrisson, kristjan@sik.is

Útgefandi: Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Háaleitisbraut 58, 108 Reykjavík, sími: 5334900, heimasíða: www.sik.is

Framkvæmdastjóri SÍK er Ragnar Gunnarsson, ragnar@sik.is

Hvað er kristniboð?

Kristniboðar leitast við að miðla kærleika Krists í orði og verki. Og að mæta þörfum líkama, sálar og anda, hvort heldur sem er með kirkjustarfi, heilsugæslu eða menntun. Neyðaraðstoð á tímum hungursneyðar eða náttúruhamfara, þróunaraðstoð og margt fleira hefur í gegnum tíðina fallið undir verkefni kristniboða. En grundvöllur starfsins alls er trúin á Jesú Krist. Trúin gefur nýja lífsvon.

Fjármál Kristniboðssambandsins

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks. Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning SÍK: 117-26-2800 Kennitala: 550269-4149 Fjárhagsáætlun er rúmar 70 milljónir í ár. Við þökkum fyrir gjafir til starfsins.

Jesús sagði:

Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins.

Jóh. 8:12



Hugvekja eftir Kristján Þór Sverrisson



Þegar ég var lítill flutti vinur minn úr næsta húsi í annan bæjarhluta Hafnarfjarðar. Til að styttu mér leið til hans gekk ég oft í gegnum hraunið og framhá nokkrum yfirgefnum bröggum. Þegar kalt var á veturna og myrkrið svart heyrði ég oft allskonar hljóð og skuggarnir leituðu á huga minn. Vegna þess að leiðin var talsvert styttri í gegnum hraunið harkaði ég af mér.

En þegar við vinirnir gengum þessa leið saman, tala nú ekki um ef fleiri voru með í för, þá kom annað hljóð í strokkinn og þessi skuggadalur breyttist í ævintýraland þar sem gaman var að leika og allur ótti víðsfjarri.

Jesús er vinur okkar. Orð hans eru lampi fóta okkar og ljós á vegum okkar. Hann knýr á dyr hjarta okkar og vill í okkur búa. Með honum þurfum við ekkert að óttast. Þetta eru fyrirheit sem er að finna í orði Guðs. Stóra spurningin er: Trúum við þessu? Trúum við því að Guð sé almáttugur skapari himins og jarðar og miskunnsamur og elskuríkur faðir okkar? Og, hvernig birtist þessi trú í lífi okkar?

Það er eitt að vera andlega þenkjandi og eiga sér óskilgreinda guðstrú og það er allt annað að eiga persónulegt samfélag við Jesú Krist. Það hjálpaði mér lítið á göngunni í gegnum hraunið að vita af vini mínum heima hjá sér. Það var ekki nema við fylgdumst að í gegnum skuggadalinn sem óttinn vék. Þannig er það með Jesú. Það er ekki nóg að vita af honum einhverstaðar. Við þurfum að vera hjá honum og tala við hann. Eiga persónulegt samband við Jesú og fylgja honum er það sem gildir. Hvort sem leið okkar liggur í gegnum dauðans dal eða við svífum um á hamingjuskýi.

Það ríkir víða andlegt myrkur. Fólk er leitandi en margir vilja ekki opna augu sín fyrir sannleikanum og enda á því að sökkva sér í skyndilausnir sem veita engan frið. Svo eru það þeir sem hafa enn ekki heyrt fagnaðarerindið. Við erum kölluð til þess að bera sannleikanum vitni, hvort heldur sem er á Íslandi eða í fjarlægum löndum.

Í fréttum var nýlega fjallað um rannsókn sem leiddi í ljós vanlíðan íslenskra ungmenna. Flest hafa þau nóg til alls af veraldlegum gæðum. En það sem birtist sem vanlíðan er þorsti eftir því andlega vatni sem aðeins Jesús getur gefið okkur. Við erum sköpuð til samfélags við Guð. Þegar það vantar þá göngum við í myrkri og höfum ekki ljós lífsins. Fylgjum Jesú.

Síðasti þjóðflokkurinn?

John Allen Chau, bandaríski kristniboðinn, var myrtur um leið og hann náði landi við eyjuna Norður Sentinel í Indlandshafi, í nóvember síðastliðnum. Þjóðflokkurinn sem þar býr hefur svo gott sem engin tengsl haft við umheiminn og þær örfáu tilraunir manna í gegnum tíðina til að kynnst fólkinu hafa flestar endað með skelfingu. Viðbrögð fólks sem lesa má um í fjölmiðlum út um allan heim eru að John Allen hafi ekki átt neitt erindi á eyjuna og að íbúar eyjunnar eigi að fá að vera í friði frá hinum spillta umheimi. Svæðið tilheyrir Indlandi og hefur stjórn landsins tilkynnt að hún mun í engu skipta sér af íbúum eyjunnar. Kristniboðshreyfingar hljóta að spyrja sig hvað sé rétt í þessu sambandi.

Á síðastliðnum árum hefur þeim fjölgað sem vilja meina að nú hafi fagnaðarerindið verið prédikað öllum þjóðum. Þetta er auðvitað skilgreiningaratriði en ljóst er að þeim hefur farið verulega fækkandi þjóðarbrotunum þar sem enginn hefur heyrt nafn Jesú nefnt. Íbúar Norður Sentinel eru á meðal þeirra sem aldei hafa heyrt fagnaðarerindið.




John Allen var aðeins 26 ára þegar hann var myrtur

Jesús sagði að við ættum að fara allt til enda veraldar og prédika fagnaðarerindið. Tormod Engelsviiken, prófessor í kristniboðsfræðum við MF háskólann í Ósló bendir á að fólk eigi hvort tveggja rétt til að hlusta á það sem boðað er og að vísa því frá sér. Eins og segir í Matteusi 10:14: *Og taki einhver ekki við yður né hlýði á orð yðar, farið þá úr því húsi eða þeirri borg og hristið dustið af fótum yðar.*



Íbúar eyjunnar láta örvum rigna yfir alla þá sem fara of nærri

Margar siðferðislegar spurningar vakna í þessu samhengi, t.d. hver sé ábyrgð okkar ef þjóðflokkurinn leggur stund á skaðlega siði á borð við limlestingar og barnafórnir. Einnig vaknar sú spurning hvort hægt sé að láta það óátalið að menn, eins og John Allen, sem koma í nafni kærleikans megi einfaldlega taka af lífi án þess að þurfa að svara fyrir það.



Norður Sentinel í Indlandshafi. Heimkynni þjóðflokksins.



Með leigubíl til lifandi trúar

Ópíumfíkn er stórt vandamál í Íran; mun stærra en flestir á vesturlöndum gera sér grein fyrir. Ung kona að nafni Sahar fylgdist með manni sínum, Peyman, ánetjast eitrunu með tilheyrandi erfiðleikum og sorg.

Flestir leigubílar í Íran eru í raun smárútur sem keyra ákveðnar leiðir. Dag einn heyrði Sahar annan farþega í leigubíl tala við bílstjórann um Jesú Krist. Eins og Sahar lýsir því þá réði forsjón Guðs því að hún heyrði á samtal þeirra.

Þær fóru úr bílnum á sama tíma og Sahar nýtti tækifærið til að spyrja konuna um þennan Jesú. Með þeim tókst vinátta og tveimur vikum síðar heimsótti konan Sahar og þær báðu saman til Guðs. Þá sagði Sahar að hún vildi fylgja Jesú. Sahar sagði manni sínum hvað hafði gerst. Hann tók því ekki illa en sagði henni að láta engan vita.

Sahar hóf að fylgjast með útsendingum SAT-7 og ekki leið á löngu áður en Peyman settist niður með konu sinni til að horfa. Þau sáu þátt sem heitir Our Neighbourhood (e. Hverfið okkar) sem er stýrt af írönskum presti, Milton, sem hafði áður sjálfur glímt við ópíumfíkn. Þau sendu skilaboð til þáttarins um að biðja fyrir Peyman.



Pastor Milton, prestur og þáttastjórnandi á SAT-7

Ákall til frelsunar

Í kjölfarið hringdi Milton sjálfur í Peyman. „Fyrir mig sem prest þá er dýrmætast að fá að

leiða nýtt fólk til trúar. Ég hef sérstaka köllun gagnvart þeim sem eru fastir í viðjum fíknar, því ég þekki sjálfur svo vel þá sorg og þann sársauka sem fíkillinn veldur sjálfum sér og sínum nánustu. Það sem vakti athygli mína var staðfesta og trygglyndi Sahar gagnvart eiginmanni sínum. Hún gagnrýndi hann ekki eða fordæmdi heldur hvatti og hjálpaði í hvívetna. Og að lokum frelsaðist hann frá fíkninni til lifandi trúar á Jesú.“



Ópíumfíkn er ört vaxandi vandamál í Íran

Ekki einn

Peyman lýsir reynslu sinni: „Í tuttugu ár var ég háður ópíumi en fyrir náð Guðs, bænir konu minnar og vinátta við Milton þá hef ég verið leystur frá fíkninni. Ég þakka Guði fyrir að ég hef náð fullri heilsu og ég þakka ykkur fyrir bænir ykkar. Markús 14:38 lýsir hug mínum vel: *Vakið og biðjið, að þér fallið ekki í freistni.*“

Framtíðin

Nú er liðið ár frá því Sahar frelsaðist og 10 mánuðir frá því Peyman frelsaðist. Síðan þá hefur hann verið laus við fíknina. „Við þökkum Guði fyrir þá miskunn sem hann hefur sýnt okkur. Útsendingar SAT-7 og vinátta við Milton og konu hans veita okkur þá andlegu næringu sem þörf er á. Guð blessi starf SAT-7.“

Kristniboðssambandið er aðili að SAT-7 sem sendir út vandað kristlegt efni í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Árlegt framlag SÍK er u.þ.b. 2 milljónir króna. Stuðningur þinn skiptir máli!

Ævintýrið í Pókot

Séra Vigfús Ingvar Ingvarsson greinir hér frá ferð sinni og Skúla Svavarssonar til Pókot nýverið. Þar var 40 ára afmæli kirkjunnar fagnað og fylgt var eftir umfangsmiklu byggingaverkefni SÍK, utanríkisráðuneytisins og kirkjunnar í Pókot. Ávöxtur starfsins dylst engum.

Fyrirsögnin gæti átt við það, sem vissulega var ævintýri, að fara úr snjó á Egilsstöðum, snemma í sl. desembermánuði, og vera svo kominn suður fyrir miðbaug til Naíróbí og svo brátt þaðan vestur til Pókothéraðs, vestast í Keníu.

Annað ævintýri er þó stærra og snertir fleiri og með djúpstæðari hætti. Þar á ég við 40 ára sögu lúterska kristniboðsins í Pókot en afmælishátíð þessa kristniboðs var einmitt tilefni þessarar ferðar okkar Skúla Svavarssonar kristniboða.

Þetta kristniboð, okkar Íslendinga og Norðmanna á þessum afskekktu og fyrrum hættulegu slóðum, hófst þegar kristniboðið varð að draga saman seglin í Epíópíu vegna byltingar og ófriðarástands þar.



Nokkrir gamalreyndir leiðtogar kirkjunnar í Pókot

Að sjá og heyra á vettvangi

Eitt er að lesa um störf kristniboða í fjarlægum landi og jafnvel horfa á myndir frá vettvangi. Annað er að hressast í bíl á torfærum vegarslóðum – innan um geitur, kýr og úlfalda – og koma svo inn í óskipulega þyrpingu kofa og evrópskra húsa þar sem okkur, Íslendingum og einhverjum úr hópi norskra brautryðjenda, er tekið eins og týndum sonum sem horfið hafi heim úr spillingarbælinu.

Jafnvel söngur úr kassettutæki skilar ekki þeim mögnuðu áhrifum sem syngjandi kór, á helgigöngu í kirkju eða í skrudgöngu í átt til hátíðarsvæðis undir tré, skilar þeim sem lætur hrífast með á staðnum.

Áhrifamikið var einnig að standa á svölum

hússins í Propoi sem Skúli byggði í upphafi starfsins. Hann hafði þó ekki tíma til að ljúka því vegna áhuga fólks á fagnaðarerindinu. Páll Friðriksson kom alla leið frá Íslandi, ásamt konu sinni, til að ljúka við að innrétta það. Þetta hús hefur elst vel og útsýnið þaðan er stórkostlegt.

Þarna sáu innfæddir það undur að vatnið rann úr pípunum eftir að hafa farið upp í móti yfir fjallshrygginn þarna fyrir ofan. Enn meira undur fengu þeir að sjá í umbreyttu mannlífi sem fylgdi fagnaðarerindinu um Jesú Krist

Þetta kristniboð í Pókot mætti þessari glæsilegu þá hirðingjaþjóð á krossgötum fyrir um 40 árum. Þjóðflokkurinn var þá ámóta fjölmennur og Íslendingar þó landsvæðið sé ekki nema um 8 af hundraði af stærð Íslands. Fyrir 40 árum voru þessir hirðingjar að taka sér fasta búsetu og tók þá brátt að fjölga hressilega svo nú eru þeir á sjötta hundrað þúsund.

Breytingaferli fylgir opnun á aðrar breytingar og kristni var almennt fagnað og ekki þurfti að leita uppi áheyrendur.



Nýr skóli og heimavist fyrir stúlkur. Samvinna Íslands og Keníu.

Börnin knýja dyra

Í Propoi höfðu börnin knúið dyra og spurt Skúla hvað hann væri að gera þarna og þegar hann sagðist vera kristniboði, spurðu þau: „Og hvað gera kristniboðar?“ Jú“, var svarið, „þeir segja fólki frá Jesú og Guði. „Og erum við ekki fólk?“ sögðu börnin þá. Þarna var starfið byrjað á undan áætlunum.



Söngurinn í Pókot lætur engan ósnortinn. Afmælishátíðin gaf gott tækifæri til þess að syngja Guði til dýrðar.

Skúli skírði fyrstu safnaðarmeðlimina snemma árs 1980 – nú eru 256 söfnuðir ávöxtur þessa starfs Íslendinga og Norðmanna og ekkert lát á hröðum vexti og uppbyggingu, einkum í skólstarfi.

Lengst norður í Kara-Pókot, sem nú á að heita Norður-Pókot (tilheyrði Úganda til 1963) ókum við eftir vegarslóða til þorpsins Karkou. Þann vegarslóða höfðu íbúarnir rutt í von um að kristniboðarnir sæju hann og kæmu. Og það liðu ekki mörg ár þar til kristniboðar sáu þennan veg og fóru að forvitnast um hvert hann lagi. Það varð upphafið að örum breytingum til blessunar fyrir fólkið þar, líkt og í mörgum öðrum þorpum og kofum úti um skóga og gresjulönd.

Nýr siðferðisgrundvöllur varð til fyrir þessar nýju byggðir. Ofbeldi og átökum linnti, óöld sem m.a. annars tengdist útbreiðslu á skotvopnum.

Fagnaðarhátíð og hrífandi söngur

Mikil hátíð var haldin í bænum Chesta, 16. desember, til að fagna 40 ára afmæli lúterska kristniboðsins, „kirkjunnar sem breytir lífi fólks“ eins og við heyrðum að fólk hefði viljað fá þegar það bað um kristniboð.

Líklega voru það á annað þúsund manns sem komu saman – þar af nokkur hundruð undir trénu sem skýldi fyrsta söfnuðinum þarna – aðrir standandi eða sitjandi í kring jafnvel uppi í nálægum trjám.

Og þetta var ósvikin afrísk samkoma sem stóð mest allan daginn með söng margra frábærra kóra úr söfnuðum og skólum og svo ótal ávörpum og kynningum. Gott var að vera í hópi hinna útvöldu, sitjandi á hinum hefðbundna „kirkjubekk“ á þessum slóðum, garðstól úr plasti, og með greinar trésins til að skýla sér fyrir hitabeltissólinni.

Þrátt fyrir skilningsleysi á swahili og pókotmáli

þá var ekki hægt annað en að hrífast af hátíðarfögnum og söngurinn skilaði sínu. Söngurinn, sérstaklega kvennakórar, lengst norður frá þar sem kristni þekktist ekki fyrr en á þessari öld, kom mér mest á óvart í Pókot. Sönggleðin, fágúnin og algert samræmi tónfalls og hreyfinga laðaði fram tár í augu jafnvel laglauss manns. Þessari þjóð er söngurinn greinilega í blóð borinn og kirkjusöngurinn hefur gefið konunum dýrmæta rödd á opinberum vettvangi. Nánar verður hægt að lesa um þessa minnisstæðu ferð í 1. tölublaði Bjarma á þessu ári. En þakklátur er greinarhöfundur fyrir að fá þetta tækifæri til að ferðast um þessar slóðir kristniboðsins og geta rætt við bæði eitthvað af heimafólki og frumherja kristniboðsins, mitt á vettvangi þessarar ævintýralegu 40 ára sögu.

Vigfús Ingvar Vigfússon

Myndir: Skúli Svavarsson



Fram fram fylking...

NOREGUR, KIRGISTAN OG ÍSLAND

Viðtal við Björn Inge Furnes, starfsmann norsku skólahreyfingarinnar

Hver er maðurinn?

Það er stór spurning. Ég er 38 ára, ókvæntur og barnlaus og ólst upp á mjólkurbýli skammt frá Álasundi í Noregi. Ég er elstur af systkinum mínum. Foreldrar mínir dóu bæði tiltölulega ung sem hefur auðvitað sett mark sitt á mig. Ég komst til trúar á síðasta ári mínu í framhaldsskóla og var virkur í norsku skólahreyfingunni á háskólaárunum í Bergen. Sumarið 2002 fór ég í stutta kristniboðsferð til Kirgistan, það breytti lífi mínu til frambúðar því aðeins örfáum mánuðum eftir heimkomu snéri ég aftur til Kirgistan þar sem ég var kristniboði í fimm ár. Síðan eru liðin ellefu ár þar sem ég hef verið starfsmaður norsku skólahreyfingarinnar. Ég stunda útivist allskonar, les mikið, finnst gott að fá mér kaffisopa hef gaman af að ferðast og kynnst nýju fólki. Ég elska Jesú og að lesa í Biblíunni.

Hvað ertu að gera á Íslandi?

Ísland hefur lengi átt sér stað í hjarta mínu. Síðastliðin fimm ár hef ég komið hingað með reglulegu millibili til að taka þátt í starfi KSS og KSF með Óla Jón, skólaprest, mér til halds og trausts. Í hvert sinn sem ég kem hef ég skynjað sterkt þá köllun að flytja til Íslands, en það er jafnframt mjög erfitt að slíta sig frá þeirri þjónustu sem ég sinni í Noregi. Þetta vormisseri verður með þeim hætti að ég verð annan hvern mánuð á Íslandi. Mitt markmið er að kynnst enn betur unga fólkinu í KSS og KSF og veita þeim þann stuðning sem þarf til að fylgja Jesú í dag, sérstaklega innan skólanna. Í samstarfi við KSH reynum við að byggja brýr milli skóla og kirkju.

Björn Inge og Kirgistan?

Eins og ég nefndi fór ég í ferð þangað á námsárunum og skynjaði köllun Guðs til áframhaldandi starfa þar. Mér fannst samt eins og það myndi ekki verða fyrr en löngu seinna,

en þegar vinur minn komst ekki inn í læknisfræði ákvað ég að gera hlé á námi mínu og saman fórum við í sex mánuði til Kirgistan. Þar vorum við m.a. í háskólabæ sem heitir Naryn við kínversku landamærin. Í bænum var ein kristin stúlka í háskólanum, við hittum hana og unnusta hennar, sem var líka kristinn. Saman lásum við í Biblíunni og báðum. Smátt og smátt fjölgaði í hópnum og nýtt fólk komst til trúar. Kirgistan er íslamskt ríki en flestir áhugasamir um boðskap Jesú. Svo fór að ég varð eftir í landinu sem varð heimili mitt næstu fimm árin. Ég bjó á meðal innfæddra og varð reiprennandi í tungumálinu og hafði milligöngu um stofnun kristilegrar skólahreyfingar í landinu (IFES). Ég sá marga gefa Jesú líf sitt. En þetta var ekki neinn dans á rósum því það er ólöglegt að boða kristna trú í Kirgistan. Allt starf fór fram í heimakirkjum og oft urðu þeir sem opinberuðu kristna trú sína fyrir barsmíðum og smánun. Sjálfur varð ég fyrir morðtilraun sem ég slapp með naumindum frá. Miskunnsemi Guðs varð mér þá fullkomlega ljós. Gestrisni fólksins í Kirgistan er einstök. Hún hefur mótað mig og þjónustu mína.

Hvaða munur er á ungu fólki í Noregi og á Íslandi?

Ungmenni eru eins sama hvert þú ferð. Þetta hef ég séð í Kirgistan, Noregi og á Íslandi. Þau upplifa sömu tilfinningar og vangaveltur. Þau verða ástfangin, upplifa gleði og sorg og fást við sjálfsefa. Vissulega eru aðstæðurnar ólíkar. Svipað og þegar við lesum í Biblíunni þar eru aðstæður um margt ólíkar því sem við þekkjum í dag en hjarta mannsins er óbreytt. Hafandi sagt þetta þá er ljóst að Ísland er veraldlegra en Noregur. Ungt fólk finnst mér hafa heldur neikvæðara viðhorf til fagnaðarerindisins en í Noregi og ef ég á að vera hreinskilinn þá skynja ég minna hungur eftir Guðs orði á meðal þeirra sem kristin eru.

Hvernig náum við með fagnaðarerindið til ungs fólks á Íslandi?

Þetta er góð spurning. Ég held að lykillinn sé sá hinn sami og í Kirgistan, að rækta sambönd. Fólk hefur aðgang að orði Guðs en skynjar ekki hjá sér þörf til að rannsaka það. Biblían er ókeypis í símann en ekki einu sinni þeir sem kristnir eru virðast gefa sér tíma til að lesa. Afstæðishyggjan einkennir samtímamann en það er líka annað sem einkennir menningu okkar og það er þessi áhersla á sambönd og að vera gegnheill. Fólk þráir samskipti og vini og það að geta treyst. Þetta er einmitt góður útgangspunktur við boðun fagnaðarerindisins. Verum heilshugar og kynnumst nýju fólki. Ræktum samskipti við nágranna, vini, börn og barnabörn. Spyrjum unga fólkið við hvað það er að fást og hvernig því líður. Það er mikill misskilningur að unglingar vilji ekki spjalla við fullorðna. Þeir þrá samskipti við fullorðið fólk sem fylgir og elskar Jesú. Ef okkur tekst að gera unga fólkið spennt fyrir Biblíunni þá smitar það út frá sér og félög eins og KSS og KSF stækka og dafna. Vakningasamkomur tel ég að heyri fortíðinni til. Við þurfum að mæta fólki þar sem það er, stíga út fyrir þægindaramma kirkjunnar okkar og fara út til fólksins. Gerum eins og Jesús gerði.

Vitnisburður?

Það er svo margt sem ég gæti nefnt. Hvernig Guð kallaði mig til þjónustu í Kirgistan og hvernig hann bjargaði mér frá morðtilraun þar. En það sem einkennir flesta vitnisburði er þessi vísan til fortíðar; ekki að það sé rangt í sjálfu sér en stundum finnst mér það beina sjónum okkar frá því sem Guð er að gera í dag. Og hvað er Guð að gera í lífi mínu í dag? Ég hélt jólin í Noregi og það var heldur einmanalegt þar sem mamma og pabbi eru nú bæði látin. Jólin eru fjölskylduhátíð en ég var mikið einsamall. Þarna skynjaði ég vel Guð sem Föður minn og þá hljóta öll þau sem á hann trúna að vera systkini mín. Við sem trúum á Jesú erum ein fjölskylda og ættum að geta umgengist sem slík. Nú þegar ég bý á Íslandi fjarri vinum og fjölskyldu upplifi ég það sama. Það tekur tíma að kynnast fólki og skapa vináttu og traust því flestir upplifa að þeir eigi fjölskyldu og vini og þurfi ekki meira. En þannig held ég að



Björn Inge á skrifstofu SÍK

það eigi ekki að vera á meðal Guðs barna, við erum nefnilega ein stór fjölskylda.

Hvað lastu síðast í Biblíunni?

Þriðja árið í röð les ég með framhaldsskólanema í gegnum alla Biblíuna. Í dag lás um við úr Fyrri Samúelsbók um Davíð og Jónatan og hvernig Sál hyggt drepa Davíð. Svo lás um við tvo sálma þar sem Davíð lýsir tilfinningum sínum vegna þessa. Mér þykir frábært að sjá hve einlægur Davíð er, hann er hræddur og reiður í senn en hvílir samt í Drottni og tilbiður hann þrátt fyrir ótta og erfiðleika. Við lesum 2-4 kafla á dag og sendum skilaboð til hvor annars um það sem vakti athygli okkar og talaði til okkar. Þetta er frábær leið til að lesa Biblíuna, og heldur okkur báðum þannig við efnið að við sleppum aldrei úr degi.

Eitthvað að lokum?

Biðjum fyrir unga fólkinu í KSS og KSF og öllum þeim í Noregi og á Íslandi sem ekki þekkja Krist. Biðjið fyrir mér og Óla Jóni í störfum okkar fyrir skólahreyfinguna og að störf okkar megi bera góðan ávöxt. Einnig að Guð sýni mér hvort ég eigi að flytja til Íslands.

KRISTNIBOÐ UM VÍÐA VERÖLD

Mikill fjöldi kristniboðssamtaka er starfandi í heiminum í dag. Megin markmið þeirra er að boða fagnaðarerindið í orði og verki. Til þess nota þau ólíkar aðferðir. Vefsíður þessara samtaka veita góða innsýn í starf þeirra og áherslur. Hér gefur að líta stutta kynningu á starfsemi nokkurra hreyfinga. Þær eiga það allar sameiginlegt að hafa um lengri eða skemmri tíma unnið með Kristniboðssambandinu að góðum verkefnum, auk þess að leita að trúuðu fólki með viðeigandi þekkingu til starfa. Er Guð að kalla þig til starfa? Hafðu þá samband.

MAF – Mission Aviation Fellowship www.maf.org

MAF hefur verið starfrækt frá lokum seinni heimsstyrjaldar og sérhæfir sig í að fljúga með sjúkragögn, neyðaraðstoð og prédikara til afskekktara svæða. Á tíu mínútna fresti, allan ársins hring, út um allan heim, lendir flugvél frá MAF eða tekur á loft. Íslenskir kristniboðar hafa í gegnum tíðina margoft nýtt sér þjónustu MAF.



Því að hvorki kraftar, hæð né dýpt, né nokkuð annað skapað muni geta gjört oss viðskila við kærleika Guðs, sem birtist í Kristi Jesú Drottni vorum.

Róm. 8:39

SIL – SIL International www.sil.org

Í heiminum eru töluð u.þ.b. 6000 tungumál. Stór hluti þeirra er án leturs og ritmáls. SIL er með mörg hundruð tungumálasérfræðinga starfandi út um allan heim. Þeir semja ritmál í samstarfi við þjóðflokka, þjálfar heimamenn í lestrarkennslu, aðstoða við gerð kennslubóka og síðast en ekki síst leiða fulltrúar SIL umfangsmikið starf á sviði biblíuþýðinga.



Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð.

Jóh. 1:1

Gjafareikningar Kristniboðssambandsins
Kennitala: 550269-4149

Landsbankinn: 117-26-2800
Íslandsbanki: 515-26-2800
Arion banki: 117-26-2800



Hamlin Fistula Ethiopia - www.hamlinfistula.org



Gleði þeirra kvenna sem hljóta lausn frá fistli er ósvikin. Hér er dr. Catherine með nokkrum þakklátum skjólstæðingum.

Árið 1974 kallaði Guð áströlsku hjónin Reg Hamlin og Catherine Hamlin til starfa í Eþíópíu. Þau voru bæði skurðlæknar og höfðu ákveðið að opna spítala sem sérhæfði sig í fistli (e. fistula) sem er rof í fæðingarvegi í kjölfar meðgöngu og fæðingar vannæðra kvenna og barnunga stúlkna. Þetta var og er algengt vandamál í Eþíópíu en um leið vandlega falið því skömmin er svo mikil. Á meðal afleiðinga fistils er að geta hvorki haldið þvagi né hægðum og því er konunum útskúfað og þær lenda oft í algjörri einangrun og andlegu myrkri. Með skurðaðgerð er í 80% tilfella hægt að gera konurnar heilbrigðar og gefa þeim nýtt líf.

Ef einhver er í Kristi er hann skapaður á ný, hið gamla varð að engu, sjá, nýtt er orðið til.
II Kor. 5:17

Mercy Ships – www.mercyships.org

Mercy Ships eru kristleg hjálparsamtök sem eiga og reka nokkur skip sem þræða strandlengjur ríkja þar sem heilsugæsla er af skornum skammti. En þetta eru engin venjuleg skip heldur fullbúnir spítalar þar sem framkvæmdar eru flóknar skurðaðgerðir o.m.fl. Um borð eru sérfræðilæknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sem eiga það sameiginlegt að fylgja Jesú og bera honum vitni með þjónustu sinni.



Glaðbeittir læknanemar um borð, til þjónustu reiðubúnir.

Verið miskunnsöm, eins og faðir yðar er miskunnsamur.
Lúkas 6:36

Ávöxtur kristniboðs

Soka Gakkai yrði ég einnig að yfirgefa ástvini mína, fjölskyldu, og vini.

Leifur Sigurðsson, kristniboði í Japan, sendi okkur eftirfarandi vitnisburð Hiroko Akiyama, ritara safnaðarráðs kirkjunnar á Rokkó eyju:

Ég ólst upp í fjölskyldu sem tilheyrir Soka Gakkai, sem er róttæk hreyfing Búddisma í Japan. Þegar ég var tólf ára, leyfðu foreldrar mínir mér að byrja í gagnfræðiskóla sem var stofnaður og rekinn af Ensku biskupakirkjunni. Skólinn hafði góðan orðstír ekki síst fyrir góða menntunaráætlun. Biblíufræðsla var hluti af reglulegu námi skólans. Þetta voru mín fyrstu kynni af Biblíunni. Frá fyrsta augnabliki skynjaði ég að Biblían var einstök bók. Það sem ég las talaði sterkt til mín og ég skildi að orð Biblíunnar voru sönn.

Eftir því sem ég varð eldri, varð sífellt erfiðara fyrir mig að lifa í þessum tveimur ólíku heimum. Það olli mér mikilli togstreitu að geta ekki valið þá braut sem ég sjálf vildi. Ég vissi að fjölskyldan mín hefði ekki getað fyrirgefið mér ef ég hefði valið Krist í stað Búddisma. Þetta var mér erfiður tími og það tók mig langan tíma að safna kjarki til að stíga skrefið til fulls og játa trú mína á Jesú. Þetta var erfitt vegna þess að ef ég yfirgæfi

Árið 2004 fékk ég bækling í pósti um biblíulestur á vegum kristniboða sem bjuggu í hverfinu mínu. Ég ákvað strax að hafa samband. Þetta voru ung Bandarísk hjón sem höfðu verið send til Japan af „International Mission Board“, kristniboðssamtökum með aðsetur í Bandaríkjunum. Þetta leiddi til þess að ég fór að sækja reglulegar sunnudagsguðsþjónustur sem haldnar voru á heimili þeirra. Ég tók síðan skírn heima hjá þeim.

Það sem ég hélt að væri ómögulegt reyndist þegar á hólminn var komið ekki eins erfitt og ég hélt. Eiginmaðurinn minn og sonur minn sýndu mér skilning þrátt fyrir að þeir séu ekki trúaðir sjálfir. En foreldrar mínir og systir urðu hinsvegar mjög reið og afneituðu mér. Þrátt fyrir þetta upplifði ég frið og nærveru heilags anda þegar ég hafði loks gert upp hug minn.

“Þegar þeir fóru áfram veginn, komu þeir að vatni nokkru. Þá mælti hirðmaðurinn: „Hér er vatn, hvað hamlar mér að skírast?“ Pos. 8:36

Það krefst ekki hugrekkis að trúa á Jesú. Allt sem maður þarf er einfaldlega að taka ákvörðun og vatn. Guð mun sjá um allt sem við þörfumst.

Gestir Kristniboðsviku 2019

Eyusalem Negiya er ung söngkona og lagasmiður frá Addis Abeba í Eþíópíu. Hún stundaði nám við tónlistarskóla Mekane Yesus kirkjunnar í Addis þar sem einn af kennurum hennar var Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, kristniboði. Auk tónlistarinnar hefur Eyusalem unnið mikið og þarft starf á meðal bágstaddra barna í Addis. Hún tekur þátt í samkomum vikunnar en verður með sérstaka tónleika laugardaginn 9. mars. Þeim sem vilja kynna sér betur tónlist Eyusalem er bent á að slá nafn hennar inn í leit á YouTube.



Kurt Johansen er einn af stjórnendum SAT-7 sjónvarpsstöðvarinnar. Hann hefur margoft komið til Íslands og er mörgum kristniboðsvinum að góðu kunnur. Kurt segir okkur frá starfi SAT-7 á samkomum sem haldnar verða dagana 6. og 7. mars. Kurt hefur grípandi frásagnarstíl og eftir að hafa fengið að kynnast ýmsu í starfi SAT-7 í áranna rás er líklegt að orð hans eigi eftir að færa samkomugesti nær þessu mikilvæga starfi í heimshluta þar sem kristið fólk á víðast hvar undir högg að sækja og sætir jafnvel ofsóknum.

Ferð á UL 2019

Kristniðóssambandið stendur fyrir ferð á UL dagana 23.-28. júlí 2019. Um er að ræða stórt og glæsilegt ungmennamót sem ungliðahreyfing Norska kristniðóssambandsins (NLMung) heldur í Stavanger í Noregi. Íslenskur hópur fór þangað síðasta sumar og var mikil ánægja í hópnum með ferðina.

Mótið hefur upp á að bjóða vandaða biblíufræðslu, spennandi fyrirlesara frá ýmsum heimshornum og magnaðar lofgjörðarstundir. Þar fyrir utan er hægt að taka þátt í mörgum spennandi dagskráartilboðum s.s. go-kart, brimbrettakennslu, klifur, dans og göngu upp á Preikestolen í stórbrottinni náttúru. Á mótinu hafa þátttakendur mikið frelsi til að velja úr dagskráartilboðum og mörg tækifæri til að kynnast norskum jafnöldrum sínum. Miðað er við að þátttakendur í ferðinni séu á aldursbilinu 16-30 ára.

Ólafur Jón Magnússon, heldur utan um skipulagningu og undirbúning ferðarinnar en staðfestir fararstjórar verða Björn-Inge Furnes Aurdal, Hjalti Jól Magnússon og Harpa Vilborg Schram. Boðið verður upp á íslenska túlkun á mótssamkomunum sem fara annars yfirleitt fram á norsku. Nánari upplýsingar má nálgast með því að senda póst á sik@sik.is eða á viðburðinum: *Ferð ungmenna á UL 2019*, á Facebook.



Hluti íslenska hópsins í fyrra á góðri stundu.



Á UL er mikið lagt upp úr góðri tónlist og lofgjöfð.



Já, svona var þetta: Sól, sjór og hiti. Vonandi aftur í sumar.

KSS

Kristileg skólasamtök (KSS) halda fundi sína á laugardagskvöldum í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28, 104 Reykjavík. Allir á aldrinum 15-20 ára eru boðnir hjartanlega velkomnir. Á fundunum er í boði fræðsla um kristna trú og Biblíuna. Mikil tónlist og söngur trúarlegra söngva setja svip sinn á stundirnar. Þar fyrir utan eru skemmtiatriði og skipulögð skemmtidagskrá eftir fundinn fram eftir kvöldi. Á hverri önn er farið yfir 2-3 nætur í Vatnaskóg á svokallað Skólamót. Í vor verður Vorskólamót haldið um bænadagana 17.-20. apríl.

KSF

Kristilegt stúdentafélag (KSF) heldur fundi sína annað hvert fimmtudagskvöld í Kristniðóssalnum að Háaleitisbraut 58. Fundirnir hafa sama snið og KSS-fundirnir og eru allir á aldrinum 19-30 ára boðnir hjartanlega velkomnir. Auk þess stendur KSF fyrir bænastundum í kapellu Háskóla Íslands á mánudögum og miðvikudögum kl. 12-12:30 í vor, þangað eru allir velkomnir.

Fundir og samkomur í Kristniboðssalnum

Lau. 2. mars	Alfa námskeið kl. 11-13 (á laugardögum til 20. apríl)
3.-10. mars	Kristniboðsvika (sjá nánari dagskrá á baksíðu)
Mán. 4. mars	Fundur kl. 20 hjá Kristniboðsfélagi karla
Fim. 7. mars	Fundur kl. 16 hjá Kristniboðsfélagi kvenna
Mið. 13. mars	Bænasamkoma kl.20 - Sálmannir, Skúli Svavarsson
Sun. 17. mars	Fjölskyldusamkoma kl. 17
Mán. 18. mars	Fundur kl. 20 hjá Kristniboðsfélagi karla
Mið. 20 mars	Fræðslukvöld kl. 20 - Karl Sigurbjörnsson
Fim. 21. mars	Fundur kl. 16 hjá Kristniboðsfélagi kvenna
Sun. 24. mars	Fjölskyldusamkoma kl. 17
Mið. 27. mars	Fjáröflunarsamkoma Kristniboðsfélags kvenna kl. 20
29.-31. mars	Alfa helgi og Vetrarmót Salts k.s. í Kirkjulækjarkoti
Mán. 1. apríl	Fundur kl. 20 hjá Kristniboðsfélagi karla
Mið. 3. apríl	Samkoma kl. 20 - Persónur Biblíunnar, Björn Inge Furnes
Fim. 4. apríl	Fundur kl. 16 hjá Kristniboðsfélagi kvenna
Sun. 7. apríl	Fjölskyldusamkoma kl. 17
Mið. 10. apríl	Samkoma kl. 20 - Persónur Biblíunnar, Hermann Bjarnason
Sun. 14. apríl	Fjölskyldusamkoma kl. 17
Mán. 15. apríl	Fundur kl. 20 hjá Kristniboðsfélagi karla
Mið. 17. apríl	Fræðslukvöld kl. 20 - Ólafur Knútsson
Mið. 24. apríl	Samkoma kl. 20 - Sálmannir, Kristján Þór Sverrisson
Mið. 1. maí	Kaffisala Kristniboðsfélags kvenna

Íslenskukennsla fyrir útlendinga alla þriðjudaga og föstudaga kl. 9-12
 Kristilegt stúdentafélag (KSF) er með fundi alla fimmtudaga kl. 20
 Alfa námskeið hefst 23. febrúar og verður á laugardögum kl. 11-13 fram til 20. apríl. Alfa helgi í Kirkjulækjarkoti 29.-31. mars, jafnframt vetrarmót Salts k.s.
 Nánari upplýsingar um allt sem viðkemur dagskránni má fá á skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með tölvupósti til kristjan@sik.is

BASARINN

NYTJAMARKAÐUR

KRISTNIBOÐSSAMBANDSINS

AUSTURVERI, HÁALEITISBRAUT 68

SÍMI: 562 6700

bjarmi

tímarit um kristna trú

bjarmi.is

facebook.com/bjarmi.timarit

Pökkum veittan stuðning

Reykjavík

ASK Arkitektar ehf
 Auglýsingastofan ENNEMM
 Á.K. Sjúkrþjálfun ehf
 Bílasmiðurinn hf
 Blómabúðin Hlíðablóm
 Brim hf
 Danica sjávarafurðir ehf
 Domino's Pizza
 Eignamiðlun ehf
 Endurskoðun og reikningskil hf
 Garðs Apótek
 Gjögur hf
 Guðmundur Arason ehf
 Gullkistan skartgripaverslun
 Gullsmiðurinn í Mjódd
 Halli Gullsmiður
 Henson sports
 Hótel Leifur Eiríksson ehf
 Hrafnistuheimilin
 Hreyfill
 Höfðakaffi ehf
 Íslenska auglýsingastofan
 Íslenskir aðalverktakar hf
 Löndun ehf
 Nýi ökuskólinn ehf
 Ó. Johnson & Kaaber ehf
 Ólafur Þorsteinsson ehf
 Pósturinn
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
 Suzuki bílar hf
 Tannlæknastofa Geirs A Zoega
 Tónskóli þjóðkirkjunnar
 Verslunin Brynja ehf
 Verslunin Rangá
 Vilhjálmsson sf
 VSÓ ráðgjöf ehf
 Wurth á Íslandi ehf
 Þorsteinn Bergmann ehf

Kópavogur

ABC-Barnahjálpi
 Íslenskt marfang ehf
 Rafmiðlun hf
 Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf

Garðabær

Fagval ehf
 Garðabær
 Geislatækni ehf

Ísafoldarprentsmiðja ehf

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf
 Donna ehf
 Eiríkur og Einar Valur ehf
 H. Jacobsen
 Útvík hf
 Verkalýðsfélagið Hlíf
 Víðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Verslunarmannafélag Suðurnesja
 Víkurás ehf

Grindavík

Hópsnes ehf
 Þorbjörn hf

Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
 Nonni litli ehf

Akranes

Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Stykkishólmi

Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Samgöngufélagið

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
 Glapur ehf

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Blönduós

Húnavatnshreppur

Sauðárkrókur

Vörumiðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Akureyri

Grófargil ehf
 Hlíð hf
 Höldur ehf
 Vélsmiðjan Ásverk ehf

Egilsstaðir

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
 Miðás ehf

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður

Fjarðarþrif ehf

Höfn í Hornafirði

Uggi SF-47

Selfoss

Bókaútgáfan Björk
 Lindin, verslun

Hveragerði

Dvalarheimilið Ás

Þorlákshöfn

Sveitafélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Flúðir

Flúðasveppir ehf

Vestmannaeyjar

Miðstöðin ehf
 Ós ehf
 Teiknistofa Páls Zóphóníassonar



KRISTNIBOÐSVIKA SÍK:

RÉTTA LEIÐIN?

FRÆÐSLA | TÓNLIST | FJÁRÖFLUN

3. - 10. MARS 2019

KRISTNIBOÐSSALNUM*

MIDBÆ, HÁALEITISBRAUT 58-60 (3. HÆÐ) 108 RVK.

SUN 3.3.

17:00
Fjölskyldu-
samkoma

MÁN 4.3.

20:00
Lofgjörðar- og
bænastund

ÞRI 5.3.

20:00
Erindi um
sögu SÍK

MID 6.3.

20:00
Samkoma

FIM 7.3.

20:00
Samkoma

FÖS 8.3.

20:00
Kvikmynd og
umræður

LAU 9.3.

17:00
Tónleikar með
Eyerusalem
*Negya**

SUN 10.3.

17:00
Samkoma

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á vefnum eða í síma 533 4900

** Tónleikar Eyerusalem verða haldnir í Fíladelfíu, Hátúni 3.*



KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ
SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

WWW.SIK.IS



@kristnibodsvika